



# RÖSKUN Á SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

## REGLUR UM VIÐBRÖGÐ STARFSFÓLKS Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðslufirvöld.

Mikilvægt er að starfsfólk skóla kynni sér vel leiðbeinandi reglur fyrir foreldra um sama efni. SHS gefur eftirfarandi reglur út í samvinnu fyrir fræðslufirvöld á höfuðborgarsvæðinu. Skólastjórar skulu sjá til þess að vakin sé athygli starfsfólks og foreldra á reglum þessum í upphafi hvers skólaárs.

### UPPLÝSINGASKYLDA SKÓLA

Áríðandi er að skólar/frístundamiðstöðvar setji upplýsingar um stöðu mála á heimasíður sínar svo fljótt sem auðið er og uppfæri eftir þörfum. Mikilvægt er að ávallt sé skýrt hvaða starfsmaður eða starfsmenn beri ábyrgð á því. Einnig er mikilvægt að upplýsa svo fljótt sem auðið er þá sem svara fyrirspurnum af hálfu skólans, svo tryggt sé að þeir sem leita til skólanna fái réttar upplýsingar hverju sinni.

### TILKYNNINGAR OG VIÐBÚNAÐUR

Verði röskun á skóla-/frístundastarfi vegna þessa eru skólar engu að síður opnir og taka á móti nemendum. Þá gilda þau eindregnu tilmæli að foreldrar fylgi yngri börnum til skóla og yfirgefi þau ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks. Því er áríðandi að starfsfólk tryggi móttöku barnanna.

SHS kappkostar að koma tilkynningum tímanlega á framfæri í samvinnu við útvarpsstöðvar og vefmiðla og er miðað við að tilkynningar berist eigi síðar en kl. 7 að morgni, sé ákvörðun tekin í upphafi dags.



Mjög brýnt er að skólustjórnendur og annað starfsfólk fylgist vel með tilkynningum og bregðist við þeim.

Meti foreldrar það svo að best sé að halda börnum heima vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um forföll barnsins og skoðast það þá af hálfu skólans sem eðlileg forföll.

## TILKYNNINGAR VERÐA EFTIRFARANDI:

### 1. *Daginn áður vegna veðurspár.*

*(Sé veður í lagi er sjaldnast send út tilkynning vegna þessa en ítrekað fyrir foreldrum að fylgjast með veðri)* Veðurspá sýnir að börn gætu átt erfitt með að mæta í skóla að morgni dags.

### 2. *Að morgni dags vegna óveðurs eða færðar.*

Í upphafi skóladags getur mönnun skóla verið takmörkuð og í leiðbeiningum til foreldra/forráðamanna er þess getið að við vissar aðstæður megi þeir búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra við mönnun skólans og eru foreldrar hvattir til að taka slíkum beðnum vel. Foreldrar geta meðal annars liðsinnt við móttöku barna og gæslu. Mikilvægt er þá að það starfsfólk sem mætt er til starfa gefi foreldrum skýr fyrirmæli um hlutverk þeirra og leysi þá undan skyldum við fyrsta hentugleika með bestu þökkum af hálfu skólans.

### 3. *Síðdegis ef veður hefur versnað meðan á skólahaldi/frístundarstarfi stendur.*

Geisi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða sé til að foreldrar sæki börnin. Þá eru gefnar út tilkynningar um það, auk þess sem skólarnir leggja sig fram við að hafa samband við foreldra. Við þessar aðstæður er mikilvægt að tryggja að börn yfirgefi ekki skólann nema í fylgd foreldra sinna eða annarra forráðamanna.

Lendi starfsfólk skóla í erfiðleikum með að koma börnum heim í lok skóladags vegna veðurs eða færðar ber skólastjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar. Mikilvægt er að starfsfólk hafi samband við foreldra eða forráðamenn þeirra barna sem um ræðir.

### 4. *Að morgni dags ef óveður hamlar skólahaldi.*

Skólahald í leik- og grunnskólum fellur niður.

Komist enginn starfsmaður til skóla af eigin rammleik ber skólastjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar til þess að unnt verði að tryggja lágmarksmönnun.

Misbrestur getur þó orðið á því að tilkynning af þessu tagi skili sér til allra og því er mikilvægt að yfirstjórn skólans sjái til þess að unnt sé að veita upplýsingar á staðnum og tryggi að börn lendi ekki í hrakningum.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar yngri börnum en með „yngri börnum“ er hér átt við börn yngri en 12 ára, en aðeins er um viðmið að ræða sem er háð mati foreldra/forráðamanna.



*Nánari upplýsingar eru á [www.shs.is](http://www.shs.is) og á Facebook-síðum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.*

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS  
Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík  
Sími 528 3000 - [shs@shs.is](mailto:shs@shs.is) – [www.shs.is](http://www.shs.is)

